

2023

ÁRSSKÝRSLA



Vestfjarðastofa



Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	3
Vestfjarðastofa	4
Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)	9
Sóknarhópur Vestfjarða	12
Starfsemi Vestfjarðastofu	14
Rekstur skrifstofu	15
Sóknaráætlun Vestfjarða	17
Atvinnuþróun	21
Byggðamál og samfélag	29
Markaður og menning	34



Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir,
framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu

Ávarp framkvæmdastjóra

Árið 2023 var á margan hátt gott á Vestfjörðum. Mikill uppgangur var í atvinnulífinu og fjárfestingar umtalsverðar á svæðinu bæði af hálfu hins opinbera og einkaaðila. Starfsemi Vestfjarðastofu var að vanda gríðarlega fjölbreytt og starfsmenn komu að miklum fjölda verkefna í störfum sínum.

Orkumálin voru fyrirferðarmikil í starfi Vestfjarðastofu á árinu 2022. Fyrsta Orkuþing Vestfjarða var haldið og ákveðið að halda slík þing árlega til að halda á lofti mikilvægi þess að lausnir verði fundnar í orkumálum Vestfjarða.

Innviðamál, skipulagsmál og starfsemi á vettvangi Fjórðungssambands Vestfjarða voru fyrirferðarmikil í starfseminni á síðasta ári. Þar voru sannarlega ástæður til að gleðjast þar sem stórir áfangar náðust í vegagerð á svæðinu, þverun Þorskafjarðar og opnun vegar um Teigsskóg síðasta haust ásamt áframhaldi á uppbyggingu Dynjandisheiðar. Það verður þó að minnast á að enn eru á Vestfjörðum erfiðir flöskuhálsar sem hamla því að endurbætt vegakerfi nýtist landshlutanum að fullu. Þá virðumst við ekki ná eyrum ráðamanna með að skortur á vetrarþjónustu og styttri „opnunartími“ vega á Vestfjörðum standi atvinnulífi og samfélagi á svæðinu alvarlega fyrir þrifum.

Orkumálin eru svo annað stórverkefni þar sem ekki næst að finna viðunandi lausnir þrátt fyrir hillumetra af skýrslum og mikið af góðum vilja. Í þeim málum er það því miður svo að vilji er ekki allt sem þarf.

Sóknarhópur Vestfjarða tók til starfa með dugmikilli stjórn og fór mikill tími á árinu í mótun á starfsemi hans. Undir merkjum Sóknarhóps starfa tveir hópar, annars vegar fyrirtæki í framleiðslu og iðnaði og hins vegar Markaðsstofa Vestfjarða þar sem eru fyrirtæki og einstaklingar í verslun, menningu og ferðaþjónustu. Fjölbreytt verkefni á sviði atvinnu- og byggðaþróunar spönnuðu breitt svið og fólust meðal annars í stuðningi við umsóknagerð í stærri og smærri sjóði bæði innlenda og erlenda. Einnig voru verkefni sem tengdust fjárfestingum og þar á meðal kynningum á fjárfestingaverkefnum á Vestfjörðum, uppsetning á vefnum Inwest og margt fleira.

Vestfjarðastofa hóf þátttöku í tveimur erlendum samstarfsverkefnum á síðasta ári. Annars vegar verkefnið MERSE sem miðar að stuðningi við samfélagsfrumkvöðla og hins vegar verkefnið RECET sem er ætlað að efla getu sveitarfélaga til að takast á við orkuskipti og smíða orkuskiptaáætlanir fyrir svæðið í samvinnu og samstarfi við hagsmunaaðila og atvinnulíf.

Verkefni Brothættra byggða voru tvö á árinu 2023; Sterkar Strandir og Áfram Árneshreppur. Verkefnið Sterkar Strandir var framlengt um eitt ár eða út árið 2024 en Áfram Árneshreppi lauk á árinu 2023.



Vestfjarðastofa

Vestfjarðastofa ses. var stofnuð 1. desember 2017. Tilgangur Vestfjarðastofu er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðaðróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í víðum skilningi.

Markmið Vestfjarðastofu er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum, stuðla að velferð íbúa og styrkja Vestfirði sem búsetukost og áfangastað ferðamanna. Markmiði sínu hyggst Vestfjarðastofa ná með öflugum samstarfi atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkisvalds og stoðkerfis hins opinbera.

Stjórnarfundir og ársfundur

Ársfundur Vestfjarðastofu 2023 var haldinn í Félagsheimilinu á Bíldudal á Ísafirði miðvikudaginn 24. maí 2023.


Stjórn Vestfjarðastofu hélt átta stjórnarfundir á árinu 2023. Fundargerðir allra funda má finna á heimasíðunni www.vestfirdir.is og einnig fundargerðir ársfunda auk fundagerða nefnda. Upplýsingar um fjármál og rekstur Vestfjarðastofu má einnig finna á heimasíðunni.

Upplýsingamiðlun

Í byrjun ársins 2021 hóf Vestfjarðastofa útgáfu mánaðarlegs fréttabréfs þar sem helstu viðfangsefni og fréttir mánaðarins eru dregnar saman á einn stað. Fréttum og upplýsingum hefur jafnframt verið miðlað á vefnum www.vestfirdir.is á árinu 2023. Vestfjarðastofa er einnig með [Facebooksíðu](#) og er þar miðlað fréttum og upplýsingum tengdri starfseminni. Í lok ársins 2022 voru komnir um 3000 fylgjendur.

Skipurit Vestfjarðastofu

Í kjölfar breytinga á samþykktum Vestfjarðastofu í mars 2022 var ráðist í breytingar á skipuriti sem kynnt var stjórn Vestfjarðastofu á fundi 5. desember 2022 og samþykkt á stjórnarfundi þann 18. janúar 2023. Unnið var að innleiðingu nýs skipurits á árinu 2023.



Stjórn Vestfjarðastofu

Af vettvangi sveitarstjórnarmála:

Jóhanna Ösp Einarisdóttir	Reykholahreppi - formaður
Jóhann Birkir Helgason	Ísafjarðarbæ
Nanný Arna Guðmundsdóttir	Ísafjarðarbæ
Lilja Magnúsdóttir	Vesturbyggð
Magnús Ingi Jónsson	Bolungarvíkurkaupstað

Frá atvinnulífi og menningu:

Elísabet Gunnarsdóttir	Háskólasetur Vestfjarða
Gauti Geirsson	Háafell
Friðbjörg Matthíasdóttir	Gistihúsið Við höfnina (Búbíl ehf)
Halldór Halldórsson	Íslenska Kalkpörungafélagið

**Starfsháttanefnd Vestfjarðastofu**

Rebekka Hilmarsdóttir	formaður
-----------------------	----------

Viktória Rán Ólafsdóttir

Kristján Jón Guðmundsson

Aðilar Vestfjarðastofu og fulltrúar í fulltrúaráði

Arnarlax	Jónas Heiðar Birgisson
3X Technology	Halldór Jónsson
Háskólasetur Vestfjarða	Peter Weiss
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Sædís María Jónatansdóttir
Arna ehf	Óskar Örn Hálfðánarson
Artic Sea Farm hf	Baldur Smári Einarsson
Reykhólahreppur	Árný Huld Haraldsdóttir
Súðavíkurhreppur	Bragi Þór Thoroddsen
Ísafjarðarbær	Nanný Arna Guðmundsdóttir
Strandabyggð	Porgeir Pálsson
Tálknafjarðarhreppur	Lilja Magnúsdóttir
Bolungarvíkurkaupstaður	Magnús Ingi Jónsson



ThorVerk ehf	María Hildur Maack
Kerecis	Ásta María Sverrisdóttir
Vesturbyggð	Jón Árnason
Hótel Ísafjörður	Hólmfríður Vala Svavarsdóttir
Hraðfrystihúsið Gunnvör	Kristján G. Jóakimsson
Kaldrananeshreppur	Finnur Ólafsson
Marigor	Einar Sveinn Ólafsson
Íslenska kalkpörungafélagið	Halldór Halldórsson
Vesturferðir	Jón Auðun Auðunarson
Orkubú Vestfjarða	Elías Jónatansson
Kaupfélag Steingrímsfjarðar	Viktoría Ólafsdóttir
Byggðastofnun	Guðbjörg Óskarsdóttir
Kampi	Kristján Jón Guðmundsson
Verkís	Jóhann Birkir Helgason
Árneshreppur	Eva Sigurbjörnsdóttir
Vallargata ehf.	Óttar Guðjónsson

Starfsfólk Vestfjarðastofu

Á Vestfjarðastofu starfar öflugur hópur sérfræðinga með djúpa þekkingu á atvinnulífi, menningu, umhverfi og samfélögum svæðisins. Meginstef í allri starfsemi Vestfjarðastofu er að efla Vestfirði og gæta hagsmuna svæðisins.

Agnes Arnardóttir verkefnastjóri með starfsstöð á Þingeyri hætti störfum um mitt árið 2023 og þökkum við henni góð störf í þágu Vestfjarða. Kristín Hulda Guðjónsdóttir var ráðin tímabundið í almenn skrifstofustörf frá byrjun júní. Í ágúst tóku til starfa Anna Sigríður Ólafsdóttir verkefnastjóri miðlunar og Hjörleifur Finnsson verkefnastjóri umhverfis- og loftslagsmála. Steinunn Ása Sigurðardóttir fór í fæðingarorlof á haustdögum og var Vilborg Pétursdóttir ráðin tímabundið í hennar stað.

Við lok ársins 2023 voru starfsmenn 14 í 13 stöðugildum. Staðsetning í listanum hér fyrir neðan vísar til starfsstöðvar en allir starfsmenn sinna verkefnum á öllu starfssvæði Vestfjarðastofu.

Aðalsteinn Óskarsson – sviðsstjóri byggðasviðs	Ísafirði
Agnes Arnardóttir – verkefnastjóri – hætti í júní 2023	Þingeyri
Anna Sigríður Ólafsdóttir – hóf störf í ágúst 2023	Ísafirði
Guðrún Anna Finnbogadóttir – teymisstjóri atvinnu- og byggðapróunar	Patreksfirði
Hjörleifur Finnsson – hóf störf í ágúst 2023	Ísafirði
Kristín Hulda Guðjónsdóttir – skrifstofustörf – hlutastarf frá júní 2023	Ísafirði
Magnús Þór Bjarnason – verkefnastjóri nýsköpunar og fjárfestinga	Ísafirði
Magnea Garðarsdóttir – verkefnastjóri	Ísafirði
Margrét Jóhanna Birkisdóttir – bókhald	Ísafirði
Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir – framkvæmdastjóri	Ísafirði
Sigurður Líndal Þórisson – verkefnastjóri	Hólmavík
Skúli Gautason – menningarfulltrúi og verkefnastjóri	Hólmavík
Steinunn Ása Sigurðardóttir – verkefnastjóri – fæðingarorlof frá hausti 2023	Ísafirði
Sölvi Guðmundsson – teymisstjóri markaðs og menningar	Ísafirði
Vilborg Pétursdóttir – verkefnastjóri – (tímabundin ráðning frá 1. nóv 2023	Ísafirði
Þórkatla Soffía Ólafsdóttir – verkefnastjóri	Patreksfirði

Samkvæmt samþykktum Fjórðungssambands er Fjórðungsþing Vestfirðinga tvískipt, að vori er viðfangsefnið uppgjör liðins starfsárs en að hausti eru það málefni landshlutans og starfsemi komandi árs. 68. Fjórðungsþing Vestfirðinga var haldið á Ísafirði (Edinborgarhúsinu) í apríl, og í Bolungarvík (Félagsheimilinu í Bolungarvík) í október.

Á Fjórðungsþingi að vori var samkvæmt samþykktum lögð fram og afgreidd ársskýrsla 2022, ársreikningur 2022 og endurskoðuð fjárhagsáætlun 2023. Fjárhagsnefnd Fjórðungssambandsins vann tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2023 með sviðsstjóra byggðapróunar og framkvæmdastjóra og tillögu um samþykkt ársreiknings 2022. Samkvæmt samþykktum afgreiðir þingið tillögu um efni og staðsetningu haustþings, en að öðru leyti má kynna sér undirbúning, umræðu og afgreiðslu mála þingsins, í samantekt á heimasíðu Vestfjarðastofu¹ þar með talið þinggerð.

Á Fjórðungsþingi að hausti er samkvæmt samþykktum afgreiðsla á fjárhagsáætlun og laun nefnda og stjórnar á komandi starfsári og kynning á framkvæmd Sóknaráætlunar. Kosning í stjórnir og nefndir eru annað hvort ár en ekki voru kosningar að þessu sinni. Gestir þingsins voru formaður og framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga sem kynntu breytingar í starfsemi og áherslum sambandsins.

Sérstakir gestir þingsins voru ungmenni í undirbúningshópi ungmennapings sem má segja að hafi starfað sem fulltrúar Ungmennaráðs Vestfjarða þar til það var kosið nú í ár. Ungmennin höfðu framsögu á tillögu á breytingu á samþykktum Fjórðungssambandsins um starfsemi ungmennaráðs og ungmennapings sem starfi með Fjórðungssambandinu. Tillagan var samþykkt samhljóða á þinginu og standa vonir til að rödd unga fólksins á Vestfjörðum verði þannig eflid og nefndin verði ráðgefandi í starfsemi Fjórðungssambandsins.

Meginumfjöllunarefni þingsins, samkvæmt ályktun vorþings, var umhverfi og ímynd Vestfjarða. Var fjallað um þau mál út frá ýmsum sjónarhornum í framsöguverindum frummælenda. Til máls tóku Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku og loftlagsráðherra sem fjallaði um áskoranir Íslands í loftlagsmálum, málefni ofanflóðasjóðs, byggðapróun og orkumál. Guðmundur Fertram Sigurjónsson, forstjóri Kerecis, fjallaði um vestfirska efnahagsundrið og lagði fram hugmyndir um samgöngusáttmála á Vestfjörðum og Björgvin Sævarsson, framkvæmdastjóri Yorth Group fjallaði um græna hringrásarhagkerfið og verkefni fyrirtækisins við hringrásarsamfélag á Reykhólum. Þá voru tveir nýir verkefnastjórar Vestfjarðastofu með erindi, þau Hjörleifur Finnsson sem fjallaði um umhverfis- og loftlagsmál og Anna Sigríður Ólafsdóttir sem fjallaði um ímynd Vestfjarða. Frummælendur sátu svo í pallborði þar sem fram fóru kraftmiklar umræður um umfjöllunarefnið.

Þingið var að öðru leyti starfsamt og fjallaði um og afgreiddi 14 ályktanir² er vörðuðu innviði, atvinnulíf, samfélag á Vestfjörðum og í umhverfismálum var tekið nýtt viðfangsefni til umræðu í ályktun um að hefja mótun loftlagsstefnu sveitarfélaga. Kynna má sér nánar um undirbúning, umræðu og afgreiðslu mála í samantekt á heimasíðu Vestfjarðastofu³ þar með talin þinggerð.

¹ <https://www.vestfiridir.is/is/verkefni/fv/fjordingstthing/68-fjordingstthing-vor>

² <https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordingstthing/68thing/haust/alyktanir-68.-fjordingsthings.pdf>

³ <https://www.vestfiridir.is/is/verkefni/fv/fjordingstthing/68-fjordingstthing-haust>

Í stjórn Fjórðungssambandsins sitja eftirfarandi sveitarstjórnarfulltrúar:

Aðalmenn	Varamenn
Jóhann Birkir Helgason, Ísafjarðarbæ	Dagný Finnbjörnsdóttir, Ísafjarðarbæ
Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ	Gylfi Ólafsson, Ísafjarðarbæ
Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi	Anna Vilborg Rúnarsdóttir, Vesturbyggð
Magnús Ingi Jónsson, Bolungarvíkurkaupstað	Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurhreppi
Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi	Þorgeir Pálsson, Strandabyggð

Formaður stjórnar er Jóhanna Ösp Einarsdóttir.

Hlutverk Fjórðungssambands Vestfirðinga eftir stofnun Vestfjarðastofu.

- Samkvæmt skipuriti er Fjórðungsþing æðsta vald í málefnum Vestfjarðastofu.
- FV gerir samninga við Vestfjarðastofu um rekstur skrifstofu og umsjón og framkvæmd sóknaráætlunar.
- Stjórn FV hefur eftirlitshlutverk með að Vestfjarðastofa uppfylli samningana.
- FV hefur hlutverk landshlutasamtaka í samskiptum við ríki og sem landshlutasamtök er FV sá aðili sem ríkið beinir erindum til sem varða fjórðunginn.
- FV er samstarfsvettvangur sveitarfélaga.
- Tilnefningar í stjórnir í nafni Fjórðungssambands Vestfirðinga.
- Stjórn fundar tvisvar á ári fyrir ársfundadag og Fjórðungsþing að hausti.

Hlutverk Vestfjarðastofu:

- Vestfjarðastofa er skrifstofa FV og annast rekstur skrifstofu og verkefna samkvæmt samningum við FV, Byggðastofnun, Ferðamálastofu og aðra sem samið verður við um slíkt.
- Starfsmenn koma fram fyrir hönd Vestfjarðastofu sem verður hinn almenni samnefnari fyrir byggða- og atvinnuþróunarmál Vestfjarða.
- Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri byggðasviðs Vestfjarðastofu hafa umsjón með þeim verkefnum sem tilheyra rekstri og umsýslu verkefna fyrir FV svo sem:
 - Umsagnir um frumvörp sem lögð eru fram á Alþingi. Umsagnir eru almennt gerðar í nafni Vestfjarðastofu f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga til að umboðskehja sé skýr.
 - Vinnu við sóknaráætlun landshlutans.
 - Áhersluverkefni sóknaráætlunar.
 - Uppbyggingarsjóður – rekstur og umsýsla.
 - Samskipti við önnur landshlutasamtök sem Vestfjarðastofa.
 - Samskipti við starfsmenn stjórnarráðsins.
 - Samskipti við sveitarstjórnarmenn á starfssvæði FV.
 - Rekstur fastanefnda.



Sóknaráætlun Vestfjarða

Fjórðungssamband Vestfirðinga er samningsaðili við stjórnvöld vegna Sóknaráætlunar Vestfjarða en starfsfólk Vestfjarðastofu annast umsýslu Sóknaráætlunar samkvæmt samningi milli Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Sóknaráætlunir landshluta eru stefnumótandi áætlunir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim koma fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í Sóknaráætlunum landshluta er mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.

Unnið var samkvæmt markmiðum Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024⁴ á starfsárinu en nánar er fjallað um það starf hér síðar í ársskýrslu Vestfjarðastofu og eins má kynna sér ársskýrslu Sóknaráætlunar Vestfjarða á heimasíðu Vestfjarðastofu⁵.

⁴ https://www.vestfiridir.is/static/files/Soknaraaetlun/vestfjardastofa_soknaraaetlun-2020-2024.pdf

⁵ <https://www.vestfiridir.is/static/files/Soknaraaetlun/greinagerd-soknaraaetlunar-2023.pdf>

Sóknarhópur Vestfjarða

Sóknarhópur Vestfjarða var stofnaður 16. maí 2023. Kallað hafði verið eftir að styrkja rödd atvinnulífsins innan Vestfjarðastofu og var sóknarhópurinn stofnaður sem svar við því. Markmiðið var að skapa samstarfsvettvang fyrirækja á Vestfjörðum og til að gæta að sameignlegum hagsmunum þeirra. Breytingar voru gerðar á samþykktum Vestfjarðastofu árið 2022 og þannig fengu fyrirækkin á Vestfjörðum sterkari aðkomu að stefnumótun, verkefnavali og hagsmunagæslu í gegnum Sóknarhóp.

Á stofnfundinn voru boðaðir hátt í hundrað manns og bárust þrettán framboð í stjórn sóknarhóps. Valdir voru 5 aðalmenn og 5 varamenn, af þeim 5 aðalmönnum voru fjórir lagðir til sem fulltrúar í stjórn Vestfjarðastofu og fjórir til vara. Fimmti aðalmaður í stjórn Sóknarhóps er jafnframt fyrsti varamaður í stjórn Vestfjarðastofu.

Þau sem kjörin voru:

1. Gauti Geirsson, Háafelli – aðalmaður
2. Halldór Halldórsson, Kalkþörungafélaginu – aðalmaður
3. Friðbjörg Matthíasdóttir, Gistihúsið við höfnina – aðalmaður
4. Elísabet Gunnarsdóttir, Koli og salti ehf – aðalmaður
5. Jónas Heiðar Birgissin, Arnarlaxi – aðalmaður
6. Lilja Sigurðardóttir, Odda hf – varamaður
7. Sif Huld Albertsdóttir, Dokkunni brugghúsi – varamaður
8. Gunnþórunn Bender, Westfjords Adventure – varamaður
9. Anton Helgi Guðjónsson, Vestfiskur – varamaður
10. Sædis Þórsdóttir, Fantasticfjords – varamaður

Fyrsti fundur stjórnar var haldinn þann 28. júní 2023. Þar var Gauti Geirsson kosinn formaður Sóknarhóps Vestfjarða og Friðbjörg Matthíasdóttir varaformaður. Á árinu voru haldnir átta stjórnarfundir, 30. ágúst 2023, 27. september 2023, 10. janúar 2024, 31. janúar 2024, 14. febrúar 2024 og 30. apríl 2024.

Markmið Sóknarhópsins var að halda einn staðfund á ári og svo einn netfund með öllum aðilum Sóknarhópsins. Á þessu fyrsta starfsári voru haldnir fjórir fundir með Sóknarhópnum. Lögð var áhersla á að stjórnin væri sýnileg og að félagsmenn gætu komið málum á framfæri við hana til frekari skoðunar. Eitt af markmiðunum var að stofna mætti faghópa um ákveðin málefni og hefur verið leitað til þeirra um álit á ákveðnum málum.

Á haustmánuðum var boðað að Baader/3X á Ísafirði yrði lokað og var í kjölfarið boðaður stjórnarfundur þar sem málefni fyrirækisins voru rædd og hvernig mætti styðja við stofnun nýs fyrirækis þar sem ljóst var að þjónusta við fyrirækki á svæðinu myndi skerðast verulega við brotthvarf Baader/3X. Hópur einstaklinga og fyrirækja á Vestfjörðum höfðu síðan frumkvæði að stofnun fyrirækisins Ístækni á grunni starfsemi Baader/3X og Vélsmiðjunnar Þrists.

Fyrsti staðfundur Sóknarhóps Vestfjarða var haldinn 16. nóvember og til umræðu voru mál sem brunnið hafa á meðlimum hans. Yfirskrift fundarins var „Hvernig eflum við ímynd Vestfjarða?“ Þar mættu Ingvar Örn Ingvarsson frá Cohn & Wolfe og Bragi Valdimar Skúlason frá Brandenburg til að ræða hvernig byggja má upp jákvæða ímynd. Helsta niðurstaða þeirra var að það væri í rauninni ekkert að ímynd Vestfjarða. Yfir vötnum þeirra svafi ákveðinn dýrðarljómi hvort sem horft væri til landsins gæða eða fólksins sem þar byggir. Heiðrún Björk Jóhannsdóttir sagði frá Netagerðinni, vinnustofum listafólks á Ísafirði og Peter Weiss sagði frá helstu áhrifum Háskólasets Vestfjarða. Í lokin var svo haldið í skoðunarferð í glænýja og stórglæsilega stúdentagarða Háskólasets Vestfjarða á Ísafirði.

Fundurinn þótti takast vel og í kjölfarið var ákveðið að Sónarhópurinn myndi hittast aftur á fjárfundi til að vinna betur með ímyndina. Þann 6. febrúar 2024 leiddu þeir Ingvar Örn og Bragi Valdimar frekari vinnu, þar sem þátttakendur á fundinum komu fram með sínar hugmyndir. Rauði þráðurinn í gegnum umræðurnar var að Vestfirðir væru öflugt og samheldið samfélag sem byggir yfir mikilli þrautseigju. Þar er lögð áhersla á sjálfbærni og virðingu fyrir náttúrunni. Þessi gögn hafa síðan verið rýnd og nýttast í mótun nýrrar Sónaráætlunar Vestfjarða auk þess sem fyrirtækin í Sónarhópnum hafa fullan aðgang að gögnunum fyrir sína eigin markaðssetningu og stefnu.

Sónarhópur Vestfjarða verður brátt eins árs en mat stjórnar var að eðlilegra væri að stjórn yrði kosin til tveggja ára í stað eins árs eins og samþykktir gera ráð fyrir. Nú liggja fyrir tillögur að breytingum á samþykktum Vestfjarðastofu þess efnis sem verða teknar fyrir á ársfundi stofnunarinnar þann 29. maí 2024. Stjórn Sónarhópsins hefur að stærstum hluta lýst yfir vilja til að bjóða sig aftur fram í vor til eins árs. Árið 2025 verður svo kosið samkvæmt nýjum samþykktum til tveggja ára.

Hvert við stefnum og hvernig þetta virkar er áhugavert að spyrja sig. Spurningar hafa vaknað hvort atvinnurekendur á Vestfjörðum ættu að hafa meira frumkvæði í starfi Sónarhópsins og hvernig hann getur styrkt stöðu atvinnulífsins.

Starfsemi Vestfjarðastofu


Starfsáætlun Vestfjarðastofu er unnin af starfsmönnum og stjórn og er birt í upphafi hvers árs. Í starfsáætlun eru áherslur hvers árs dregnar fram og þau verkefni sem unnið verður að á árinu. Í samræmi við nýtt skipurit var deildaskiptingu Vestfjarðastofu breytt nokkuð á árinu 2023 og unnið samkvæmt nýju skipuriti.

Mörg verkefni Vestfjarðastofu eru viðvarandi verkefni þar sem áherslur geta verið breytilegar milli ára en einnig eru áhersluverkefni Sóknaráætlunar oft framkvæmd af Vestfjarðastofu með samningum við Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV).

Í ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi hverrar deildar og farið yfir árangursviðmið verkefna út frá starfsáætlun ársins 2023.

Skipting launakostnaðar 2023 á deildir endurspeglar áherslur og fjármögnun verkefna.

Skipting launakostnaðar á deildir



Gerðar voru breytingar á skipuriti og deildaskiptingu Vestfjarðastofu á árinu 2022 sem voru samþykktar af stjórn og innleiddar á árinu 2023. Helstu breytingar eru að deildinni Rekstur skrifstofu var skipt upp og verkefni sem tilheyra Fjórðungssambandi, sveitarstjórnarmálum, hagsmunagæslu og verkefnum sem tengjast sveitarfélögum falla nú undir Byggðasvið. Deild atvinnu- og byggðapróunar tilheyrir nú öll mál sem tengjast samningum við Byggðastofnun svo sem varðandi atvinnu- og byggðapróun, brothættar byggðir og fleiri verkefni sem snúa að atvinnutengdum málum. Deild markaðar- og menningar innifelur nú bæði Markaðsstofu og menningartengd málefni. Deild Sóknaráætlunar er óbreytt.

Árangursmat deildar

1 = verkþáttur ekki unninn

2 = verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3 = verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4 = verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5 = verkþáttur/verkefni vannst að fullu

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Fjármál og rekstur	Ársreikningur VFS og FV 2022	SÓK, AÓ						
	Endurskoðuð fjárhagsáætlun VFS og FV 2023	SÓK, AÓ						
	Gerð starfsáætlunar 2024	SÓK						
	Fjárhagsáætlun VFS & FV 2024	SÓK, AÓ						
Vefur og samfélagsmiðlar VFS	Gerð fréttabréfs Vestfjarðastofu	MG						
	Miðlunarstefna	MG, SRG						
	Námskeið fyrir starfsfólk um miðlun	MG, SÓK						
Gagnastjórnun og Teams	Parfagreining vegna stafrænna innviða Vestfjarðastofu	MG						
	Mótun verklags vegna notkunar hugbúnaðar	MG						
Kynningar og samskiptaáætlun	Heildar samskiptaáætlun - ásýnd og ímynd							
Starfsmannamál Vestfjarðastofu	Starfsmannasamtöl	SÓK						
	Starfsmannaferð	SÓK						
	Siðareglur og jafnréttisstefna birt	SÓK						



Vikulegir fundir starfsmanna eru gagnlegir. Þeir eru haldnir í fjarfundi á mánudagsmorgnum og bera yfirskriftina „Vikubyrjun“. Þar fara starfsmenn yfir verkefni framundan og það sem gert var í vikunni á undan. Auk vikulegra funda eru daglegir stuttir hittingar starfsmanna á Teams, dagsbyrjun. Þeir eru hugsaðir sem örstutt kaffispjall en auka tengsl starfsmanna sem eru dreifðir um alla Vestfirði og ýta undir samstarf og teymisvinnu.

Framkvæmdastjóri og sviðstjóri byggðamála funda oftast vikulega með formanni stjórnar til að fara yfir helstu mál.

Vefur og samfélagsmiðlar

Upplýsingamiðlun Vestfjarðastofu fer að verulegu leiti fram á vef og samfélagsmiðlum. Helstu viðburðir og fréttir eru birtar á vef Vestfjarðastofu og þeim fréttum miðlað á facebook síðu Vestfjarðastofu. Auk aðalsíðu undir nafni Vestfjarðastofu heldur starfsfólk úti fjölmörgum hópum tengdum verkefnum og á þannig í markvissum samskiptum vegna t.d. ferðapjónustuverkefnum, matvælaframleiðendum og sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum.

Gagnastjórnun og Team

Unnið var að því á árinu 2023 að koma skjalastjórnun og skilum gagna Vestfjarðastofu í betri farveg. Jafnframt var unnið að mótun verklags vegna notkunar hugbúnaðar. Í lok árs var tekið upp nýtt tímaskráningakerfi sem ber heitið Harvest.

⁶ <https://www.vestfiridir.is/static/files/Soknaraaetlun/greinagerd-soknaraaetlunar-2023.pdf>

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur með samningi falið Vestfjarðastofu umsjón með framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða. Í því felst að annast alla umsýslu Sóknaráætlunar, samstarf við samráðsvettvang og úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs, framkvæmd úthlutunar og samskipti við styrkþega. Vestfjarðastofa annast einnig umsjón með áhersluverkefnum Sóknaráætlunar.

Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024, er unnið út frá fjórum lykilmálaflokkum og eru sett fram markmið og áhersluatriði í hverjum málaflokki. Flokkarnir eru:

- Atvinnuþróun og nýsköpun
- Samfélagi
- Umhverfi
- Menningu

Á árinu 2022 átti sér stað endurskoðun á áherslum Sóknaráætlunar Vestfjarða og á árinu 2023 var unnið eftir nýjum áherslum.

Sóknaráætlun Vestfjarða er ætlað að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningarlífs og auka samkeppnishæfi landshlutans og er það gert með því að setja fjármagn í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða og fjármagn í áhersluverkefni ár hvert. Eru þau valin út frá þeim forsendum sem sett eru fram í framtíðarsýn sem kemur fram í áætluninni.

Heildarframlög ríkisins til Sóknaráætlunar Vestfjarða námu um 110 mkr, sem að frádregnum rekstrarkostnaði var skipt á milli áhersluverkefna og framlaga Uppbyggingarsjóðs. Frekari upplýsingar um ráðstöfun fjárframlaga Sóknaráætlunar má finna í árlegri greinagerð Sóknaráætlunar⁶.

Árangursmat Sóknaráætlunar 2022

1= verkbáttur ekki unninn

2= verkbáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkbáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkbáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkbáttur/verkefni vannst að fullu

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Kynning á Sóknaráætlun	Færslur á vef og samfélagsmiðlum	MG, SG						
	Að hafa virka upplýsingasiðu, senda fréttatilkynningar á ytri miðla	SG, MG						
Endurskoðun Sóknaráætlunar	Nýjar áherslur birtar og kynntar	MG, SG, SÓK						
Áhersluverkefni Sóknaráætlunar	Áhersluverkefni 2023-2024 ákveðin	SÓK, MG						
	Eftirfylgni áhersluverkefna 2020-2022	MG						

Sóknaráætlun	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Umsóknir og úthlutun úr Uppbyggingarsjóði	Úthlutun Uppbyggingarsjóðs auglýst og úthlutað úr sjóðnum	SG						
	Val á fyrirmyndarverkefnum	MG, SG						
	Gerð samninga og eftirfylgni verkefna	MG						
Kynning á Uppbyggingarsjóði	Kynningarfundir og vinnustofur vegna úthlutunar ársins 2024	SG, MG						
	Opið netnámskeið í umsóknagerð verði haldið	SG, MG						

Úthlutað var úr Uppbyggingarsjóði í desember 2022 fyrir árið 2023. Eftirfylgni styrkúthlutana er nokkuð tímafrekt verkefni. Gera þarf samninga við styrkþega, fara yfir framvindu- og lokaskýrslur og greiða út styrki. Starfsmenn Vestfjarðastofu annast vinnuna en útborgun styrkja og annarra framlaga fer í gegnum reikninga Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Áhersluverkefni í vinnslu árið 2023

Eftirfarandi áhersluverkefni voru í vinnslu árið 2022:

ÁH-2023 – 1 Ímynd, uppbygging og fjárfestingar á Vestfjörðum

Markmið verkefnisins eru að kynna fjárfestingarmöguleika á Vestfjörðum ásamt því að laða að nýja fjárfesta, að tengja kynningar við aðgerðir tengdar ímynd samfélags og atvinnulífs á Vestfjörðum í samstarfi við sveitarfélög og fyrirtæki og ýta undir aukna uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, gistingu og afþreyingu í ferðaþjónustu.

Á árinu 2023 var unnið að uppsetningu vefsins InWest.is þar sem áhersla er lögð á tækifæri til fjárfestinga á Vestfjörðum. Fundað var með fyrirtækjum og sveitarfélögum um fjárfestingarmöguleika. Málþing var haldið um atvinnuuppbyggingu og þróun íbúðamarkaðar á Vestfjörðum í samstarfi við HMS, Byggðastofnun og Samtök lðnaðarins í nóvember 2023.

Haldinn var vel sóttur fundur Sóknarhóps Vestfjarðastofu undir yfirskriftinni „Hvernig eflum við ímynd Vestfjarða“ þar sem fram komu meðal annars almannatengillinn Ingvar Örn Ingvarsson og Brandenburgarmaðurinn og Baggalúturinn Bragi Valdimar Skúlason. Fundurinn var fyrsta skref í vinnu við að ná saman fyrirtækjum og skapa samstarfsvettvang til að móta sameiginlega sýn og hafa áhrif á ímynd Vestfjarða.

Lokaafurð:

Verkefnið stendur enn yfir en vefurinn hefur verið opnaður og unnið er að fleiri verkefnum undir merkjum þess.

ÁH-2023 – 3 Ungmennalýðræði á Vestfjörðum

Tilgangur verkefnisins var að halda ungmennalýðræði á Vestfjörðum með áherslu á að stofna ungmennaráð.

Markmið verkefnisins var að hvetja ungmenni til lýðræðislegrar þátttöku og að þátttakendur öðlist þekkingu á markmiðum og tilgangi ungmennaráða sveitarfélaga. Einnig að ungmenni á Vestfjörðum fengju vettvang til að ræða loftslagsmál, heimsmarkmið og umhverfismál og tengja það við eigin veruleika og Vestfirði.

Lokaafurð:

Verkefnið færðist til ársins 2024.



ÁH-2023 – 3 Menntastefna Vestfjarða – eftirfylgni

Verkefnið Menntastefna Vestfjarða er í umsjón Vestfjarðastofu sem fékk ráðgjafafyrirtækið Creatrix til verkefnisins. Menntaskólinn á Ísafirði kom til samstarfs við Vestfjarðastofu um vinnu Creatrix því á sama tíma var skólinn að hefja mótun stefnu fyrir skólann. Samþætta mætti niðurstöður skólastefnu menntskólans við vinnu að mótun menntastefnu og öfugt.

Markmið verkefnis var að greina stöðu, strauma og stefnur til að móta sameiginlega framtíðarsýn og aðgerðaáætlun um hvernig megi efla skólastarf á svæðinu frá leikskóla til háskóla.

Lokaafurð:

Menntastefna var kynnt öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum og hefur verið birt og kynnt m.a. Menntamálaráðuneyti. Unnið er að eftirfylgni og aðgerðaáætlun.

ÁH-2022 – 4 Markaðssetning ferðapjónustu

Verkefnið nær til þriggja ára en það snýr að markvissri kynningu og þróun svæðisins. Markmið verkefnisins snúa að lengingu ferðatímabilsins á Vestfjörðum, þróun Vestfjarðaleiðarinnar og að yta undir auknar fjárfestingar í ferðapjónustu á Vestfjörðum.

Verkpættir, aðgerðir og árangur ársins 2023 var eftirfarandi:

Vefur, samfélagsmiðlar og blogg árið 2023

- Westfjords.is - Heimsóknir á árinu 2023 ríflega 150.000
- Instagram: 200+ póstar, Reach mánuður 30.092, Fylgjendur 66.484
- Facebook: 200+ póstar, Reach mánuður 361.000, Fylgjendur 31.645

Sýningar og vinnustofur,

- Mannamót voru haldin í Kórnum í janúar 2023
- Mid Atlantic var í byrjun febrúar
- Vestnorden var sótt í september í Reykjavík
- WTM í London var sótt í nóvember

Blaðamannaferðir

- 7 blaðamannateymi heimsóttu Vestfirðir á vegum Visit Westfjords árið 2023
- Fjölbreyttir miðlar, prent, sjónvarp, net og samfélagsmiðlum
- Markaðir: Vestur Evrópa og Bandaríkin

⁷ <https://www.vestfiridir.is/static/files/Soknaraaetlun/greinagerd-soknaraaetlunar-2023.pdf>

Vestfjarðaleiðin – innanlandsherferð sumarið 2023

- Birtingar: 1.007.195, Reach: 108.904, Smellihlutfall 0,53%
- Facebook og Instagram – markhópur 35–60 ára

Myndabanki Brandcenter

- Bætt við myndum af mannlífi í myndasafn

Annað

- Unnið í gönguleiðaverkefni með Ferðamálastofu
- Samstarf við Íslandsstofu – Finn Partners og MMGY Wagstaff
- Unnið markaðsefni fyrir Vestfjarðaleiðina
- Gefið út nýtt Vestfjarðakort
- Unnið í starfshóp um aðgerðaáætlun ferðapjónustu til 2030
- Stofnun Sóknarhóps
- Samstarf um viðburð með Hæfnisetri
- Heimsóknir á öll svæði Vestfjarða

Lokaafurð:

Lokaafurð verkefnisins er heilsteypt markaðsvinna fyrir Markaðsstofu Vestfjarða sem horfir til þeirra áherslupátta sem settir hafa verið t.d. með tilliti til lengingar ferðamannatímabilsins og dreifingar ferðamanna innan svæðisins.

ÁH-2023 – 2 Úrgangsmál og hringrásarhagkerfi á Vestfjörðum

Vinna hófst og samið var við ráðgjafa um að ljúka vinnu á árinu 2024.

ÁH-2022 – 8 Samstarfsverkefni í orkumálum – Blámi

Samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Vestfjarðastofu, Fjórðungssambands Vestfirðinga og Orkubús Vestfjarða. Afurð er stofnun félagsins Bláma en skrifað var undir samstarfssamning þann 15. desember 2020.

Meginmarkmið Bláma er að efla nýsköpun og þróun orkuskiptaverkefna. Með orkuskiptum er átt við að auka hlut vistvæns eldsneytis, vetnis og rafeldsneytis í samgöngum og iðnaði. Markmiðið er að ýta undir orku- og loftslagstengda nýsköpun, efla frumkvöðla og styrkja nýsköpunarumhverfið á Vestfjörðum. Bláma er ætlað að leiða saman aðila sem geta unnið saman við það að afla alþjóðlegs fjármagns til tilrauna, rannsókna og þróunar á orku- og loftslagsvænum lausnum. Með nýjum tækifærum og auknu samstarfi á milli fyrirtækja og opinberra aðila er hægt að ýta undir að verkefni og tækifæri sem skapast á svæðinu þróist í átt að hringrásarhagkerfi. Verðmætasköpun úr vannýttu hráefni er aukin, bæði úr því sem er til staðar og því sem verður til vegna nýrra verkefna eða framleiðslu.

Nánara yfirlit allra verkefna má finna á heimasíðunni eða í árlegri greinargerð Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir árið 2023⁷.

⁷ <https://blami.is/wp-content/uploads/2023/03/blami-hafnargreining-v3.pdf>

Vestfjarðastofa var í sókn í nýsköpun og samstarfi við fyrirtæki á Vestfjörðum á árinu 2023. Unnið var ötullega að stofnun Sónarhóps Vestfjarðastofu. Undir merkjum Sónarhóps starfa tveir hópar, fyrirtæki í framleiðslu og iðnaði og fyrirtæki í ferðaþjónustu, verslun og menningu. Sónarhópurinn nær yfir öll fyrirtæki og einstaklinga í einkarekstri og hefur að markmiði að efla samvinnu og treysta rödd atvinnulífsins.

Fyrsti staðfundur Sónarhópsins var haldinn í nóvember og var þar á glæsilegu málþingi fjallað um ímynd Vestfjarða.

Þrír fulltrúar Vestfjarðastofu fóru í kynnisferð til Noregs með Byggðastofnun í maí og fræddust um stöðu mála í Þrándheimi og Osló. Þar rétt eins og hér á Íslandi er umræðan hávær um aukna sókn erlendra aðila í viðerni og náttúruauðlindir, en Norðmenn standa mjög framarlega í menntun og rannsóknum í tengslum við fiskeldi, hafið og þróun byggða í dreifbýli.

Verkefni tengd atvinnuþróun og nýsköpun

Sjávarútvegsklasinn & Hafsjór af hugmyndum

Sjávarútvegsklasí Vestfjarða vann að fjölda verkefna á árinu í samstarfi við Vestfjarðastofu. Klasinn fór í vorheimsókn til Bolungarvíkur og fjórða árið í röð styrkti klasinn háskólanema í gegnum verkefnið Hafsjór af hugmyndum sem ætlað er að skapa tengsl og efla rannsóknir í sjávarútvegi.

Fiskeldismál

Á árinu 2023 var haldið áfram með vinnu í tengslum við fiskeldi. Mikil þekking hefur byggst upp innan Vestfjarðastofu á greininni og starfsmenn lagt mikla vinnu í hagsmunagæslu tengda fiskeldinu fyrir sveitarfélög og fyrirtæki á svæðinu. Við gerð frumvarps Matvælaráðuneytisins um lagareldi var unnin góð vinna með hagaðilum sem starfsmenn tóku þátt í. Fyrstu drög að frumvarpi um lagareldi litu vel út en áföll á haustdögum lituðu vinnu við það á lokasprettinum. Áfram er unnið að því að frumvarpið verði sem best úr garði gert þannig að atvinnugreinin geti dafnað í sátt við umhverfi og samfélag.

Stórt skref var stigið þegar Arnarlax var skráð í íslensku kauphöllina og var haldinn glæsilegur fundur í Skjaldborgarbíói á Patreksfirði af því tilefni.

Vestfjarðastofa hélt áfram undirbúningi að Vatneyrabúð, þekkingarmiðstöðvar í fiskeldi sem Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur koma að. Með tilkomu Vatneyrabúðar er vonast til að skapaður verði vettvangur þar sem rannsóknir og eftirlitsstörf tengd fiskeldi og öðrum atvinnugreinum á Vestfjörðum geti dafnað.

Vestfjarðastofa sótti ráðstefnuna Lagarlif sem var haldin í Reykjavík dagana 20-21. október 2023. Guðrún Anna Finnbogadóttir starfsmaður Vestfjarðastofu var með fyrirlestur á Hafnarsambandsþingi í Ólafsvík 27.-28. október um helstu áskoranir hafna og sveitarfélaga í fiskeldi. Guðrún Anna fór einnig ásamt viðskiptanefnd á vegum stjórnarráðsins til Færeyja í apríl til að kynna sér fiskeldi og þörungarækt.

Vestfjarðastofa fékk RHA til að vinna viðhorfskönnun um fiskeldi sem var endurtekning á viðhorfskönnun sem var lögð fyrir haustið 2020. Niðurstöðurnar voru svo bornar saman til að meta hvernig viðhorfið til greinarinnar hefur þróast og voru þær birtar í janúar 2023.

Gervigreind í byggðapróun í Blábankanum:

Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar skapa vettvang fyrir áhugaverða og skemmtilega viðburði. Blábankinn á Þingeyri bauð í fjórða sinn til viðburðar undir yfirskriftinni [Startup Westfjords](#). Startup Westfjords er nýsköpunarhraðall fyrir frumkvöðla og skapara sem þora að fara í aðra átt og í þetta sinn var unnið með hvernig gervigreind getur nýst í byggðapróun. Verkefnið var stutt af fyrirtækjum auk stuðnings úr Uppbyggingasjóði Vestfjarða og sjóði Allra vatna til Dýrafjarðar.



Fjárfestingar á Vestfjörðum

Árið 2023 hélt áfram vinna við innviðagreiningu Vestfjarða þar sem teknar voru saman upplýsingar úr aðalskipulagi vestfirskra sveitarfélaga. Upplýsingar úr innviðagreiningu hafa nýst til áhugasamra fjárfesta um uppbyggingu hótél og gististaða á Vestfjörðum. Mikil gerjun á því sviði og vonandi munum við heyra af fjárfestingum á komandi misserum.

Vestfjarðastofa hefur unnið náið með Háskólasetrinu að uppbyggingu Stúdentagarða sem voru opnaðir á haustmánuðum 2023, sem er um 18 mánuðum frá fyrsta fundi um hugsanlega stærð og staðsetningu. Þetta verkefni sýnir vel hversu miklu er hægt að áorka á skömmum tíma ef allir leggjast saman á sveifina til að svo megi verða.

Unnið var að vefsíðunni InWest.is sem er fjárfestingasíða fyrir Vestfirði og verður opnuð snemma árs 2024. Síðunni er ætlað að draga fram fjárfestingakosti á Vestfjörðum og vera upplýsingaveita um áhugaverða fjárfestingakosti.

Sóknarvirki Vestfjarða

Vestfjarðastofa fékk styrk frá Lóunni fyrir verkefnið „Sóknarvirki Vestfjarða.“ Markmiðið með Sóknarvirkinu var að aðstoða frumkvöðlafyrirtæki sem eru í rekstri að stuðla að framþróun þeirra með sértækri ráðgjöf. Sóknarvirkið fór af stað í byrjun árs 2023 og var mikil ánægja meðal þátttakenda með þetta snarpa framtak.

Bláa hagkerfið

Framtíðarsýn og vaxtarmöguleikar Vestfjarða í bláa hagkerfinu eru stór hluti af starfi við atvinnuráðgjöf hjá Vestfjarðastofu. Undir bláa hagkerfið fellur nánast öll notkun mannsins á hafinu; fiskveiðar, fiskeldi, þari, þörungar og sjávar tengd ferðapjónusta svo dæmi séu tekin. Starfsfólk Vestfjarðastofu sótti á árinu 2023 nokkrar ráðstefnur tengdar ofangreindum viðfangsefnum. Ráðstefnur um þörungum, fiskeldismál, fóður og fleiri verkefni. Ráðstefnur eru mikilvægar til tengslamyndunar og til að kynna verkefnum sem gagnast geta frumkvöðlum og fyrirtækjum á Vestfjörðum.

Brothættar byggðir í Árneshreppi – Áfram Árneshreppur!

Unnið var áfram að verkefninu Áfram Árneshreppur! sem er undir hatti Brothættra byggða í samstarfi við Byggðastofnun. Árið 2023 var síðasta ár verkefnisins sem stóð yfir í sex ár og lauk formlega um áramótin 2023/2024.

Í samræmi við ákvörðun íbúafundar 2020 var áfram lögð megináhersla á styrkingu innviða í sveitarfélaginu, samgöngumál, orkumál og fjarskiptamál. Einnig að styrkingu sjávarútvegs og nýliðun í landbúnaði.

Verkefnið hefur skilað nokkrum úrbótum á innviðum á svæðinu og leiddi af sér skemmtileg verkefni á sviði menningar og ferðaþjónustu.

Skýrsla Áfram Árneshrepps vegna ársins 2023⁸

Brothættar byggðir – Öll vötn til Dýrafjarðar

Öll vötn til Dýrafjarðar á Þingeyri var að sama skapi verkefni sem unnið var í samvinnu við Byggðastofnun undir Brothættum byggðum. Verkefnið hófst árið 2018 og átti að ljúka í lok árs 2021 en Ísafjarðarbær sótti um framlengingu verkefnisins til Byggðastofnunar sem samþykkti að framlengja það út árið 2022. Á árinu 2023 hafa Vestfjarðastofa og Ísafjarðarbær fylgt verkefninu eftir með því að ljúka greiðslu úthlutaðra styrkja eftir því sem verkefni hafa klárast og með stuðningi við einstök verkefni.

Brothættar byggðir í Strandabyggð – Sterkar Strandir

Verkefni Brothættra byggða eru afar fjölbreytt og taka mið af aðstæðum í hverju byggðarlagi fyrir sig og þeim verkefnum sem sveitarfélagið eða aðrir aðilar kalla eftir. Vinnan tekur einnig mið af þeim sem þarfnast aðstoðar eða aðkomu verkefnisins. Fastur liður í starfsemi Sterkra Stranda er árleg úthlutun fjármuna úr Frumkvæðissjóði og er undirbúningur úthlutunar, samskipti og eftirfylgni gagnvart styrkþegum fastur liður í störfum verkefnastjóra í Brothættum byggðum um land allt. Í Strandabyggð hafa skil og frágangur styrktra verkefna gengið með miklum ágætum.

Seinni hluta ársins 2023 var vinna vegna rekstrarstöðvunar rækjuvinnslu Hólmadrangs fyrirferðarmikil í störfum verkefnastjóra, samskipti við þingmenn, ráðuneyti og fjölda hagaðila með það að leiðarljósi að lágmarka skaðann af þessu áfalli fyrir atvinnu- og mannlíf á svæðinu. Þá var leitað leiða til að reyna að gera sem mest úr þeim möguleikum sem stórar breytingar sem þessar hafa í för með sér. Góðu fréttirnar eru þær að það eru vænlegir sprotar í vexti í Strandabyggð; sprotar sem Sterkar Strandir hafa stutt dyggilega með fjármunum og vinnuframlagi verkefnastjóra.

Sótt var um framlengingu verkefnisins um eitt ár og í ljósi stöðu atvinnulífs á Hólmanvík fékkst sú framlenging og mun verkefnið halda áfram út árið 2024.

Ársskýrsla Sterkra Stranda 2023⁹

⁸ <https://www.vestfiridir.is/static/files/AframArneshreppur/arsskyrsla-af-am-arneshreppur-2023.pdf>

⁹ https://www.vestfiridir.is/static/files/Sterkar_Strandir/arsskyrsla-2023-stst.pdf

https://www.vestfiridir.is/static/files/Sterkar_Strandir/arsskyrsla-2022-stst.pdf

¹⁰ <https://www.vestfiridir.is/static/files/Flateyri/rokst.-uthlut-thrs.-flateyri-2023.pdf>

Þróunarverkefnissjóður Flateyrar

Auglýst var eftir umsóknum í þróunarverkefnissjóð Flateyrar í desember 2022, með umsóknarfrest til og með 9. Janúar 2023. Til úthlutunar voru 15 milljónir. Alls bárust 25 umsóknir þar sem í heildina var sótt um ríflega 32 milljónir af heildarkostnaði verkefna upp á 50,6 milljónir, þar af hlutu 16 brautargengi.

Flestar umsóknir vísuðu til með einum eða öðrum hætti til markmiða Flateyrarverkefnisins og niðurstaðna íbúabings og áherslum í sóknaráætlun Vestfjarða. Af þeim verkefnum sem hlutu styrk má flokka fjögur sem samfélagsverkefni og tólf sem verkefni í atvinnu- og nýsköpun. Reynt var að velja sem fjölbreyttust verkefni og var stuðst við stigagjöf eftir mat á tilteknum þáttum í takt við markmið og áherslur verkefnisins. Mat verkefna tók mið af íbúasamráði í tengslum við samfélagsverkefni á Flateyri og markmið Sóknaráætlunar Vestfjarða.

Umsóknir sem bárust í sjóðinn voru metnar af verkefnisstjórn byggðalagsins, sem skipuð er fulltrúum frá Ísafjarðarbæ, Vestfjarðastofu og hverfaráði Öfundarfjarðar. Veittir voru verkefnastyrkir til 16 verkefna samtals 15 milljónir króna.

Úthlutun ársins 2023 – lýsing á verkefnum¹⁰.

Árangursmat deildar

- 1= verkpáttur ekki unninn
- 2= verkpáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs
- 3= verkpáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru
- 4= verkpáttur/verkefni vannst að mestu leiti
- 5= verkpáttur/verkefni vannst að fullu

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Samvinna Vestfjarðastofu og atvinnulífs á Vestfjörðum	Samstarf um sókn	SÓK, GAF, MPB						Sóknarhópur kominn af stað, stjórn kosin og vinna farin af stað
	Sjávarútvegsklasi Vestfjarða	GAF						Reglulegir fundir, Hafsjór af hugmyndum, árlegur hittingur
Nýsköpun	Nýtt stuðningsverkefni fyrir nýsköpun þróað og fjármagnað	AA, GAF, ÞSÓ						Sóknarvirki
	Viðburður eða röð viðburða	SLÞ, AA, GAF						
	Upplýsingafundir og kynningar um orkuskipti, umhverfis og loftslagsmál	SÓK, AÓ, GAF						
	Nýsköpun tengd orkuskiptum	MPB						Samstarf með Bláma
	Þáttaka í verkefnum og umsóknagerð	SÓK, SLÞ, MPB, GAF, ÞSÓ						
	Sóknarvirki Vestfjarða í samstarfi við Bláma	MPB, GAF						4 fyrirtæki luku verkefninu


¹⁰ <https://www.vestfiridir.is/static/files/Flateyri/rokst.-uthlut-thrs.-flateyri-2023.pdf>

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Ráðgjöf til fyrirtækja og frumkvöðla	Aukinn sýnileiki atvinnuráðgjafar á vef og samfélagsmiðlum	AA, MG						
	Ráðgjöf við atvinnulífið á sviði nýsköpunar, umhverfismála og tækninýjunga.	GAF,SLP,MpB, AA, ÞSÓ						
Betri og fleiri umsóknir frá Vestfjörðum	Benda á umsóknarfresti í sjóði og miðla á vef Vestfjarðastofu	MG, SG, AA,						
	Stærri, fleiri og fjölbreyttari umsóknir frá Vestfjörðum í ýmsa sjóði, innlenda og erlenda	SLP, SG, MG, AA, MpB						
	Þjóða reglulega uppá kynningar á sjóðum og þjóða aðstoð við umsóknargerð.	AA, SG						
	Stuðningur við mótnun verkefna og umsóknargerð í stærri sjóði	MG, AA, SLG, MpB, GAF						
Westfjords Food	Stuðningsverkefni fyrir matvælaframleiðendur	ÞSÓ, MG, AA, SRG						
	Styðja við og kynna matarmarkaði á Vestfjörðum	AA, ÞSÓ						
	Samstarf Markaðsstofu Vestfjarða, Westfjords Food og Veitingaaðila um verkefni til að auka sýnileika veitingaraðila í ferðþjónustu og á Vestfjarðarleiðinni heldur áfram.	ÞSÓ, AA						
Fiskeldi á Vestfjörðum	Viðhorfskönnun um fiskeldi á Vestfjörðum. Kynning á niðurstöðum.	GAF						
	Menntun, menntakvæði, rannsóknarmiðstöð	GAF, SÓK						Vinna við rannsóknarmiðstöð í Vatneyrarbúð
	Samfélagssáttmáli um fiskeldi	GAF						Sáttmálinn stendur en var virtur að vettugu hjá sveitarfélagi.
	Landeldi	GAF, MpB						Greining á staðsetningum
	Fiskeldisfundir	GAF						
	Samstarfsvettvangur fiskeldisfyrirtækja og þjónustufyrirtækja í fiskeldi á Vestfjörðum.	GAF						MÍ, Matis, Framadagar

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Dari og þörungar	NORA Seaweed Pilot - Regulations and Management	GAF						Verkefni lauk á árinu
	NORA "Seaweed pilot	GAF						Verkefni lauk á árinu
	Sækja ráðstefnur og fundi um þörunga	GAF,MÞB						
	Umhverfisáhrif þörungaræktar, gera samantekt - einblöðung	GAF,SLÞ,MÞB						Þurfum að taka saman allar upplýsingar og miðla
	Ræktun þörunga og nýting afurða.	GAF,MÞB						
Sjávarútvegsklasi Vestfjarða	Halda reglulega fundi í klasanum og móta samstarf Vestfjarðastofu og klasans	GAF						
	Hafsjór af hugmyndum - háskólastyrkir	GAF						
	Fyrirlestrar um málefni er brenna á greininni	GAF						
	Ársfundur klasans	GAF						
	Gera klasann þverfaglegri með þáttöku þjónustufyrirtækja	GAF						
	Samstarf sjávarútvegsklasans við menntastofnanir	GAF						
Orkutengd verkefni	Málþing um orkumál og orkuskipti	AÓ, SÓK, MÞB						
	Orkunefnd um Vestfirði. Fylgja eftir aðgerðaáætlun nefndarinnar	AÓ, SÓK						
	Kerfisáætlun Landsnets. Umsögn. Flutningsmál raforku. Tvöföldun Vesturlínu. Framkvæmdaáætlun í verkefnum innan Vestfjarða	AÓ						

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Fjárfestinga- tækifæri á Vestfjörðum	Aðalskipulag og deiliskipulag sveitarfélaga skilgreini svæði/lóðir fyrir atvinnustarfsemi	SÓK, GAF, AÓ,MPB						
	Fjölga umsóknum í sjóði sem varða sveitarfélögin	AÓ, SÓK, SLP						
	Samtal við sveitarfélög vegna fjárfestingaverkefna og skipulagsmála	SÓK,MPB						
	Innviðagreining	MPB, SÓK						
	Líforkuver	MPB						Greining unnin og niðurstöður kynntar
	Grænir iðngargarðar á Reykhólum	MPB, SÓK						Verkefnið á fullri ferð
	Málþing um atvinnuuppbyggingu og húsnæðismál	MPB, MG, SÓK						
	Íbúðaupbygging	MPB, SÓK						
	Fjárfestingar tengdar ferðaþjónustu	SÓK,MPB						
Grænir iðngargarðar á Reykhólum	Móta áætlun um uppbyggingu	SÓK, MPB						
	Seta í stýrihóp verkefnisins	MPB, GAF						
Brothættar byggðir í Árneshreppi – Áfram Árneshreppur!	Þrífðun alls sveitarfélagsins	SG						
	Ljósleiðaravæðing Árneshrepps	SG						
	Hitaveita í Norðurfirði	SG						Ekki náðust samningar við landeigendur
	Framkvæmdir við höfnina í Norðurfirði	SG						
	Kvótamál í sjávarútvegi	SG						
Brothættar byggðir í Dýrafirði - Öll vötn til Dýrafjarðar	Eftirfylgni og lok verkefnis	AA						
Brothættar byggðir á Ströndum – Sterkar Strandir	Innviðir styrktir	SLP						Heitavatnsleit stendur yfir
	Kvótamál í landbúnaði	SLP						Enginn áhugi á auknum kvóta
	Kvótamál í sjávarútvegi	SLP						500 tonn af sértækum kvóta
Þróunarverkefni á Flateyri	Formennska í verkefnisstjórn og samstarf við verkefnisstjóra	SÓK						
	Umsjón með úthlutun styrkja í samstarfi við verkefnisstjóra	SÓK						

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Sýnileiki Vestfjarða - áhersluverkefni	Framadagar HR 9.febrúar	MÞB, SRG, SÓK						
	InWest - fjárfestasiða á íslensku og ensku	SÓK, MÞB, SLÞ, SRG						
	Arctic Circle - málstofa	SÁS, SLÞ, GAF						Sótt um, fengum ekki inni farið á ráðstefnuna
Erlend samstarfsverkefni	Pólskt samstarfsverkefni	MG						
	Nýjar umsóknir og mótun verkefna	SLÞ, MÞB, AA						
	Eftirfylgni umsókna í vinnslu	SLÞ, MÞB, AA						
Þjóðskógar	Þjóðskógur í Vestur- Botni	GAF						Er í vinnslu
	Þjóðskógar á Vestfjörðum	GAF,SLÞ,MÞB						



Byggðamál og samfélag

Rekstur skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga og þau mál sem tengjast samstarfi sveitarfélaga og landshlutasamtaka falla undir deildina Byggðamál og samfélag. Þar ber hæst verkefni eins og árleg Fjórðungsþing og síðan fjölbreytt samstarf innan og utan Vestfjarða.

Samstarf við Samband sveitarfélaga og önnur landshlutasamtök er nokkuð mikið og gott að geta borið saman starfsemi og vinnulag. Sviðsstjóri byggðamála og framkvæmdastjóri skipta með sér verkum við að fara á sameiginlega fundi.

Samskipti við Alþingi og ráðuneyti

Fundir með nefndum Alþingis, ráðuneytum og ráðherrum:

Samskipti við ráðuneyti, ráðherra og stofnanir ríkisins voru að vanda nokkur á árinu 2023 og fólust að mestu í eftirfylgni ályktana og stefnuskjala FV & Vestfjarðastofu.

- 27.04.2023 Fundur með forsætisráðherra, Katrínu Jakobsdóttur
- 04.05.2023 Fundur með Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
- 31.10.2023 Fundur í innviðaráðuneyti – eftirfylgni ályktana 68. Fjórðungsþings
- 31.10.2023 Fundur í heilbrigðisráðuneyti – eftirfylgni ályktana 68. Fjórðungsþings
- 21.11.2023 Fundur umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
- 22.11.2023 Fundur Matvælaráðuneyti – eftirfylgni ályktana 68. Fjórðungsþings
- 06.12.2023 Fundur Menntamálaráðuneyti – eftirfylgni Menntastefnu

Umsagnir

Umsagnir um frumvörp sem lögð eru fyrir Alþingi er hluti af hagsmunagæslu landshlutans. Með opnun Samráðsgáttar stjórnvalda á árinu 2018 gafst aukið færi á að koma að sjónarmiðum og athugasemdum gagnvart drögum að frumvörpum, áætlunum eða reglugerðum frá stjórnvöldum. Efni umsagna nýtist síðan áfram þegar frumvörp eða tillaga að þingsályktunum eru lögð fram á Alþingi.

Tími leyfir ekki að umsagnir séu gerðar nema við allra mikilvægustu mál sem varða Vestfirði. Þá er sérstaklega horft til mála sem varða uppbyggingu innviða s.s. samgöngur, raforku og fjarskiptamál auk málefna sjávarútvegs, fiskeldis og ferðaþjónustu. Einnig er fylgst með málum sem tengjast náttúruvernd og umhverfismálum á fjölbreyttan hátt.

Umsagnir til Alþingis

- Umsögn, þingsályktun um landsskipulagstefnu (desember 2023)
- Umsögn, samgönguáætlun 2024-2038, október 2023
- Umsögn, frumvarp til fjárlaga 2024, október 2023
- Umsögn, þingsályktun um heilsárssamgöngur í Árneshrepp, október 2023
- Umsögn, Grænbók um skipulagsmál, ágúst 2023
- Umsögn, áform um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, ágúst 2023
- Umsögn, áform um breytingu á lögum um skipulag haf og strandsvæða (unnið með Sambandi íslenskra sveitarfélaga) ágúst 2023
- Umsögn, tillaga kerfisáætlun 2023-2032, júní 2023
- Umsögn, tillaga samgönguáætlun 2024-2038, nóvember 2023
- Umsögn, Hvítbók samgönguáætlun 2024-2028
- Umsögn, Fjármálaáætlun 2024-2028, apríl 2023

Umsagnir í Samráðsgátt

- Uppbygging og umgjörð lagareldis – Stefna til ársins 2040 – nóvember 2023
- Breytingar á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun – drög að frumvarpi til laga – október 2023
- Starfshópur um skattlagningu á orkuvinnslu – september 2023
- Drög að húsnaðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaáætlun til fimm ára (hvítbók um húsnaðismál) – september 2023
- Sameining stofnana umhverfis- orku og loftslagsráðuneytisins (áform um lagasetningu) – júní 2023
- Grænbók um húsnaðis- og mannvirkjamál – mars 2023
- Breyting á lögum um stjórn fiskveiða – áform um lagasetningu – febrúar 2023

Umhverfissvottun

Í byrjun ársins 2023 skilaði Náttúrustofa Vestfjarða umsýslu með umhverfissvottun Earth Check aftur til Vestfjarðastofu. Talsverð vinna fór á árinu 2023 í að endurvekja ferla og setja nýtt starfsfólk inn í umsjónarkerfi umhverfissvottunarinnar en það var komið vel af stað undir lok ársins.

RECET

RECET eða *Rural Europe for the Clean Energy Transition* er þriggja ára samstarfsverkefni fimm landa og fjölmargra sveitarfélaga. Það er leitt af Íslendingum og er ætlað að efla getu sveitarfélaga til að takast á við orkuskipti og smíða orkuskiptaáætlanir fyrir svæðin í samvinnu við hagsmunaaðila og atvinnulíf. Talsverð vinna fór í það á árinu 2023 að koma verkefninu á laggirnar og kynna það hlutaðeigandi aðilum.

Svæðisáætlun um úrgang

Unnið er að gerð svæðisáætlunar um úrgangsmál í samræmi við ályktun Fjórðungspings haustið 2022. Stefán Gíslason hjá Environice var ráðinn til verksins haustið 2023 og mun verkefninu ljúka í ár.



Skipulag haf- og strandsvæða – Strandsvæðaskipulag Vestfjarða.

Innviðaráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson, staðfesti Strandsvæðaskipulag Vestfjarða þann 6. mars 2023. Þá voru liðin ein 15 ár frá því Fjórðungsping Vestfirðinga samþykkti ályktun haustið 2008 sem fól í sér áskorun á stjórnvöld að hefja nú þegar gerð skipulags strandsvæða við Vestfirði. Sú ályktun leiddi síðan af sér gerð Nýtingaráætlunar Arnarfjarðar sem var staðfest af Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppi og Ísafjarðarbæ og páverandi umhverfisráðherra Sigurði Inga Jóhannssyni í febrúar 2012. Áætlunin hafði sem slík ekki lögformlegt gildi, en var yfirlýsing um framtíðarnýtingu fjarðarins og sýndi fram á hvernig mætti standa fyrir slíku verkefni. Staðfesting Strandsvæðaskipulagsins er merkur áfangi fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga sem hefur beitt sér hart fyrir því frá árinu 2008.

Orkutengd verkefni

Í lok árs 2022 skipaði umhverfis-, orku og loftlagsráðherra nýjan starfshóp fylgja eftir efni skýrslu fyrri starfshóps sem gefin var út fyrr sama ár. Hópnum er ætlað að vinna tillögur sem snúa að jarðhitaleit, aukinni orkuöflun, þjóðgarði á Vestfjörðum, eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum.

Starfshópurinn skilaði tillögum til Umhverfis, orku og loftslagsráðuneytis í apríl 2023 um aðgerðir til eflingar samfélaga á Vestfjörðum, auk tillagna til sveitarfélaga. Í takti við fyrri skýrslur kvað hún afdráttarlaust á um lausnir á orkuvanda Vestfjarða. Þær lausnir eru nú í höndum ráðuneyta, stofnana og einkaaðila til að leysa úr.

Sérstaða orkumála á Vestfjörðum er viðvarandi orkuskortur og takmarkanir í flutningskerfi. Til að halda þessum málefnum á lofti var stofnað til Orkuþings Vestfjarða vorið 2023. Þar var staða verkefna kynnt, upplýst um hindranir og framvindu og rýnt í framtíðarhorfur, m.a. orkuskipti. Orkuþingið var afar vel sótt af hálfu almennings, fulltrúa atvinnulífs, félaga, stofnana, sveitarfélaga og ráðuneyta.

Árangursmat deildar

1= verkþáttur ekki unninn

2= verkþáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkþáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkþáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkþáttur/verkefni vannst að fullu

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Fjórðungssamband Vestfirðinga - skrifstofa	Áheyrnarfulltrúar í stjórn FV. Mótun vinnulags og aðlögun að siðareglum	AÓ						
	Innviðanefnd, erindisbréf	AÓ						
	Mótun siðareglna stjórnar	AÓ						
Fjórðungsþing og ársfundir	68. Fjórðungsþing að vori og hausti	Stjórn, AÓ, SÓK, MG, SÁS						
	Efni og fréttir birt á vef og fylgt eftir með erindum sem beint er á Alþingi, ráðuneyti og stofnanir eftir efni máls	AÓ, SÓK, SÁS						
Innviðanefnd	Innviðanefnd, erindisbréf	AÓ						
	Fundir Innviðanefndar með Vegagerð, Isavia, Fjarskiptafyrirtækjum. Landsnet. Orkufyrirtæki	AÓ						
	Eftirfylgni tillagna starfshóps um raforkumál Vestfjarða	AÓ						
	Innviðaaætlun Vestfjarða	AÓ						
Áhersluverkefni Innviðaaætlunar	Bætt vetrarþjónusta verði áhersluatriði 2023. Jarðgangaáætlun er áhersluatriði til lengri tíma.	AÓ, SÓK						
Samráðsveitvangur sveitarfélaga á Vestfjörðum	Mánaðarlegir fundir með bæjar- og sveitarstjórn	AÓ og SÓK						
	Kynningar fyrir nýjar sveitarstjórnir	SÓK						
	Virkur Facebook hópur sveitarstjórnarmanna	AÓ, SÁS, SÓK, MG						
Samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum	Vinna og afgreiðsla á Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða 2022-2034	AÓ						
	Fjölgun opinberra starfa. Verja opinber störf.	AÓ, AA						
Samstarf landshlutasamtaka	Viðhald tengslanets framkvæmdastjóra landshlutasamtaka	SÓK, AÓ						

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Samskipti við Alþingi og ráðuneyti	Fjármálaáætlun 2024-2028 og Fjárlög 2024	AÓ, SÁS						
	Umsagnir um frumvörp og þingsályktanir, áhersla á Samgönguáætlun, Fjarskiptaáætlun, Menntaáætlun.	AÓ og SÓK						
	Eftirfylgni ályktana Fjórðungspings	AÓ, SÓK, O.fl						
	Skýrslur ráðherra um framgang áætlana og stefnuskjala, er varða innviði og málefni sveitarfélaga	AÓ, SÓK, SÁS						
	Fylgjast með þingmálaskrá	AÓ, SÁS						
Byggðaáætlun 2022-2036	Eftirfylgni aðgerða Byggðaáætlunar	SÁS, AÓ, SÓK						
	Samþætting við áætlanir ríkis og sveitarfélaga	AÓ						
Náttúruvernd og efling byggðar - C9 verkefni	Verkefnisvinna, Verndun og nýting Breiðafjarðar	AÓ						
Mælaborð atvinnulífs, lýðfræði og búsetuhátta	Miðla upplýsingum úr mælaborðum Byggðastofnunar, Ferðamálastofu ofl. um atvinnulíf, lýðfræði, ferðaþjónustu og búsetuhætti til fyrirtækja og íbúa á Vestfjörðum	SÓK, MG,MPB						
Almennings-samgöngur	Gagnasöfnun, eiga yfirlit um þróun, vera í samtali við Vegagerðina	AÓ						
Ungmennaverkefni	Ungmennaping Vestfjarða verði haldið í annað sinn haustið 2023 í samstarfi við ungmennaráð, sveitarfélög og skólana á svæðinu, sótt um styrki á vegum Erasmus+	SÁS						Frestað til fyrri hluta árs 2024
	Ungmennaráði Vestfjarða verði komið á laggirnar sem nefnd undir FV með breytingum á samþykktum	SÁS						Samþykkt á 68. Fjórðungspingi



Markaður og menning

Deildin Markaður og menning vinnur að verkefnum tengdum menningarmálum og þróun og markaðssetningu ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Markaðstofa Vestfjarða annast ferðaþjónustutengd verkefni, hefur hlutverk áfangastaðastofu, annast útgáfu áfangastaðaáætlana, kemur að þróun ferðaþjónustu á Vestfjörðum og á landsvísu auk þess að vinna að kynningu á Vestfjörðum sem ferðamannastað.

Menningarmál

Á sviði menningarmála felast verkefnir að miklu leyti í ráðgjöf vegna styrkja Uppbyggingarsjóðs bæði fyrir og eftir styrkveitingar. Kynningarfundir voru haldnir í tengslum við úthlutun úr Uppbyggingarsjóði víðsvegar um Vestfirði auk þess sem menningarfulltrúi og aðrir starfsmenn Vestfjarðastofu veittu ráðgjöf við gerð styrkumsókna. Menningarfulltrúi hefur lagt sig fram við að halda sambandi við styrkþega og fylgjast með stöðu verkefna á menningarsviðinu.

Púkinn

Styrkur fékkst úr Barnamenningarsjóði til að halda barnamenningarhátíð á Vestfjörðum árið 2023. Hátíðin fékk nafnið Púkinn og var haldin í fyrsta sinn í september 2023. Hátíðin náði um alla Vestfirði og tókst mjög vel. Púkinn getur verið frábær grundvöllur til samstarfs skóla á svæðinu, auk þess sem hann getur aukið aðgengi vestfirskra barna að listum og menningu.

Blaðamannaferðir til Vestfjarða

Áhugi á Vestfjörðum er mikill og tók Markaðsstofa Vestfjarða á móti fulltrúum fjölmargra miðla á árinu 2023 í tengslum við bæði viðburði og Vestfjarðaleiðina.

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða

Uppfærsla var gerð á samantekt Áfangastaðaáætlunar Vestfjarða. Helstu markmið með áfangastaðaáætlunum landshlutanna eru að stuðla að ábyrgri ferðaþjónustu sem skilar sem mestum hagnaði til samfélaga, um leið og mögulegum neikvæðum áhrifum er haldið í lágmarki.

Árið 2018 gaf Vestfjarðastofa út fyrstu áfangastaðaáætlun fjórðungsins. Í henni var að finna ítarlega greiningu á stöðu ferðaþjónustu á Vestfjörðum og stefnu fyrir greinina, ásamt aðgerðaáætlun. Metin var þörf fyrir uppbyggingu innviða og lögð drög að heildstæðri áætlanagerð fyrir

ferðapjónustuna. Síðan voru helstu upplýsingar úr áætluninni gefnar út í samantekt sem uppfærð er reglulega. Uppfærsla á samantekt Áfangastaðaáætlunar Vestfjarða er mikilvægt verkefni sem unnið er ár hvert og krefst aðkomu allra hagaðila. Sveitarfélögin fá síðan samantektina til umfjöllunar og afgreiðslu.

Ferðasýningar og viðburðir

Fjórar ferðasýningar voru sóttar á árinu; Icelandair Mid Atlantic, Mannamót, Vestnorden í Reykjavík og World Travel Market í London. Á vegum Markaðstofunnar var haldinn fjöldi viðburða og námskeiða og má nefna námskeið í stafrænni markaðssetningu og vinnustofuna Fagmennska og gæði sem haldinn var á Ísafirði í samstarfi við Hæfnisetur ferðapjónustunnar.

Vestfjarðaleiðin – ferðamannaleið

Vestfjarðaleiðin er ný ferðamannaleið í flóru slíkra hér á landi og á árinu 2023 var unnið að því að festa hana í sessi og tryggja vitund um hana meðal ferðafólks á leið um landið, bæði Íslendinga og erlendra gesta.

Á árinu 2023 var unnið að því að fá sveitarfélögin innan Vestfjarðaleiðarinnar til frekara samstarfs og jafnframt unnið að merkingum á leiðinni í samstarfi við opinbera aðila eins og Vegagerðina.

Haustið 2023 var skipulagt lausnamót Vestfjarðaleiðarinnar í samstarfi við Markaðsstofu Vesturlands og Bláma. Þar gafst áhugasömum um nýsköpun á svæðunum kostur á að taka þátt og þróa nýjar og spennandi lausnir. Sigurvegarar lausnamótsins voru þau Diego Ragnar Angemi og Leiry Seron með samflotslausnina Góða ferð.

Sumarið 2023 var keyrð stutt innanlandsherferð fyrir Vestfjarðaleiðina sem fékk yfir milljón birtingar. Þróun Vestfjarðaleiðarinnar var ofarlega á baugi í starfseminni og fyrir liggur að kynna hana enn frekar sem ferðamannaleið. Ráðist var í gerð nýs markaðsefnis og er dreifing þess hafin.

Árangursmat deildar

1= verkpáttur ekki unninn

2= verkpáttur hófst, tókst að einhverju leiti eða var frestað til næsta árs

3= verkpáttur/verkefni vannst að hluta - verkefni breyttist eða var sameinað öðru

4= verkpáttur/verkefni vannst að mestu leiti

5= verkpáttur/verkefni vannst að fullu

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Menningarráð 2023	Stjórn Menningarráðs endurskipuð	SG						
	Stórfundir menningar	SG						
Barnamenningar-hátíð á Vestfjörðum	Fjármögnun barnamenningarhátíðar	SG						
	Samtal og samstarf við skóla og félagsmiðstöðvar á Vestfjörðum auk ungmenningaráða um möguleika á samstarfi um barnamenningarhátíð	SG, SÁS						
	Undirbúningshópur fyrir barnamenningarhátíð stofnaður	SG, SÁS						
Viðburðir og hátíðir	Viðburðadagatal	SÁS, SG						
	Áhersluverkefni tengt viðburðum	SG, SÁS						

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Efling menningarhúsa	Unnið að þríhliða samningi Edinborgarhússins við ríki og bæ	SG, SÁS						
Samstarf menningarfulltrúa		SG						
Samstarf safna á Vestfjörðum	Gerð verkáætlunar um samstarfs safna í samstarfi við sveitarfélög og ferðaþjónustu	SG, SRG, SÁS						Færast til 2024
	Unnið að virku samstarfi safnafólks á Vestfjörðum	SG, SRG, SÁS						Færast til 2024
Kvikmyndaverkefni	Farin 3ja daga kvikmyndaverkefnisferð með þjónustufyrirtækjum í kvikmyndaframleiðslu, samstarf með hótélum og bílaleigum. Fókus á auglýsingaverkefni.	SRG, SG						Færast til 2024
Haustráðstefna MAS	Haldin haustráðstefna í samstarfi við MAS með áherslu á viðeigandi efni.	SRG, SÁS,						
Samstarf stoðkerfis og atvinnulífs	Faghópur ferðaþjónustu fundar reglulega	SRG, SÁS,ÞSÓ						
	Ferðaþjónustudagur / Sameiginlegur fundur MV aðila haldinn	SRG, SÁS,ÞSÓ						
	Morgunfundir ferðaþjóna haldnir á öllum svæðum	SRG, SÁS,ÞSÓ						
	Fjárfestakynning	SRG						
	Vorfundur með Hæfnisetri ferðaþjónustunnar	SÁS						

Verkefni	Aðgerðir ársins	Árangursmælikvarðar	1	2	3	4	5	Athugasemdir
Áfangastaðaáætlun Vestfjarða	Aðgerðaráætlun - framhald	SÁS						
	Fundir með Sveitarfélögum	SÁS, MG						
	Þýðing samantektar	SÁS						
Visit Westfjords	Aðgerðaráætlun -blog og samfélagsmiðlar	SRG						
	Þróunarvinna notenda viðmót útlit - Kort	SRG						
	Gönguleiðir - samstarf Ferðamálastofa	SRG						
	Hleðslustöðvar - vefkort	SRG						
Ferðasýningar	Mid Atlantik	SRG, ÞSÓ						
	Vest Norden	SRG						
	1-2 erlendar UK-USA markaður	SRG						
	Mannamót	SRG, SÁS,						
Vestfjarðaleiðin	Vinnustofa með aðilum	SRG, SÁS,ÞSÓ						
	Áningastaðir	ÞSÓ						
	Skilti	ÞSÓ						
	Gönguleiðir - Tengist Visit Westfjords áherslu	SRG						
	Ferðaplön	SRG						
	Vefsíða	ÞSÓ						
	Vestfjarðakort	ÞSÓ						
	Verkfærakistan kynnt	SRG, SÁS,ÞSÓ						
Ímynd og Kynning	Blaðamanna og áhrifavaldaferðir	SRG						
	Vestfjarðaleiðin - Awareness kynning	SRG, SÁS,ÞSÓ						
	Innanlands markaður -ferðapjónusta - ímynd	SRG, SÁS,ÞSÓ						

